SAMBÍÓIN
SVARTA KORTIÐ VISA Munið afsláttinn


EINNIG SÝND Í LÚXUS VIP Í ÁLFABAKKA KL. 6 OG 10. B.I. 16.
ÁLFABAKKI / Sýnd kl. 4, 5, 6, 8 og 10. / KRINGLAN / Sýnd kl. 6, 8 og 10. / AKUREYRI / Sýnd kl. 5, 8 og 11. / KEFLAVÍK / Sýnd kl. 8 og 10.
ÁLFABAKKI ☎ 587 8900



Morgunblaðið/Arnaldur
Höggmyndir Arnar Þorsteinssonar vöktu verðskuldaða athygli gesta.

Tvær sýningar hófust á Kjarvalsstöðum um helgina



Ekki var annað að sjá en þau Niels P. Sigurðsson, Guðmundur Jónsson og Fríða Halldórsdóttir kynnu vel að meta þessa blöndu af ljósmyndum og höggmyndum.



Sif Aðils ásamt Sergei og Lenu Burasovsky, en Sergei er formaður Rússneska ljósmyndarasambandsins, og settu þau upp sýninguna.

Meitlaður steinn og fangaðir skuggar

MARGT góðra gesta heimsóttu Kjarvalsstaði á laugardag, en þá voru opnaðar tvær sýningar í safninu. Annars vegar sýning á verkum Arnar Þorsteinssonar. Örn vinnur verk sín úr sæbörðum granítsteinum sem hann finnur í fjörum Skagafjarðar og mótar þau á bryggju við Reykjavík. Sýning Arnar teygir sig vítt og breitt um ganga Kjarvalsstaða í formi furðudýra og goðsagnavera sem flatmaga á gólfinu eða skima yfir svæðið af stöplum. Hins vegar var opnuð sýning á rússneskum ljósmyndum. Um er að ræða síðari hluta samstarfsverkefnis Listasafns Reykjavíkur og Ljósmyndasafns Moskvu, en áður hafa íslenskar ljósmyndir verið sýndar í Rússlandi. Ljósmyndirnar á sýningunni spanna tímabilið allt frá miðri nítjándu öld til nútímans og sýna bæði breytingar í ljósmyndun og ekki hvað síst breytingar á samfélaginu. Báðar standa sýningarnar til 15. júní, en safnið er opið alla daga frá 10 til 17.

Myndbönd

Í stórborgar-frumskóginum

Upptökur af götugengjum

(Gang Tapes)

Spennumynd

Bandaríkin 2002. Myndform. VHS. (95 mín.) Bönnuð innan 16 ára. Leikstjóri: Adam Ripp. Aðalleikendur: Trivell, Darontay McClendon, Vi Reasons, Darris Love, Don Cambell.



ENN ein „raunsæismyndin“ um ástandið í blökkumannahverfum Bandaríkjanna hefst á því að heimilisfaðir er að mynda fjölskylduna í skemmtiferð í Hollywood. Þau upplifa martröð utanbæjarmannsins, að villast og lenda í soranum.

Það er ráðist á þau og upp frá því er það Kris, ungur negrapiltur, sem tekur upp á stafrænu tökuvélina. Hann myndar daglegt líf í South Central á flækingi sínum um hverfið þar sem hversdagurinn snýst um dóp, ofbeldi og glæpi. Hann ferðast með heimagenginu í nokkra daga, eða á meðan það hefur ekki lent í útistöðum við andstæðinga í næsta hverfi og er flest ofan moldu.

Vissulega áhrifarík og gefur sjálfsagt nokkuð líklega sýn af örmu mannlífi þar sem rustamennska ræður ríkjum og tætingsleg, rappjarmandi ungmenni skrölta í gegnum daginn. Bera enga virðingu fyrir einu eða neinu og uppskera að lokum eins og þau sá. Þetta er vonlítil mynd um vonlaust fólk sem veit ekki hvað von er.

Verkið hefur vakið nokkra athygli vestra þar sem kvikmyndahúseigendur þorðu ekki að taka það til sýningar í bíóum sínum. Ástæðan sú hrottalega mynd sem það gefur af ævi og örlögum ungmenna á öngstrætum slömmanna. Vitfirringin sem stjórnar rótlausu lífi unglinga sem virðast halda með glöðu geði beint í glötunina og enginn til að reyna að beina þeim á réttari brautir.

Nokkuð frumleg og forvitnileg, gerð af Adam Ripp, sem er hvítur og af gyðingaættum, af öllum mönnum. ★★½

Sæbjörn Valdimarsson



Meðal annars verður fjallað um:
• gönguferðir • tjaldsvæði landsins • ferðalög á hálendið • nestið í ferðalagið • viðburði og uppákomur vítt og breitt um landið í sumar • óviðjafnanlegar náttúruperlur • nýjungar í afþreyingu • nýja gististaði og veitingahús • leiki og skemmtun fyrir börnin í aftursætinu.
Blaðið verður í nýju broti, þverformi 25x19 sm, heftað og prentað á 60 gr pappír. Pöntunarfrestur auglýsinga er til kl. 16 föstudaginn 23. maí. Skilafrestur er til kl. 12 mánudaginn 26. maí.
Hafið samband við auglýsingadeild Morgunblaðsins í síma 569 1111 eða á augl@mbl.is
Morgunblaðið